

RÍKISENDURSKOÐUN

Framkvæmd fjárlaga

Janúar til september 2021



Skýrsla til Alþingis

Desember 2021

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| Helstu niðurstöður | 4 |
| 1 Inngangur..... | 6 |
| 2 Afkoma A-hluta ríkisins | 7 |
| 2.1 Afkoma A-hluta ríkisins á tímabilinu | 7 |
| 2.2 Samanburður afkomu við fyrri ár | 7 |
| 2.3 Samanburður afkomu við áætlanir | 8 |
| 3 Tekjur A-hluta ríkisins | 10 |
| 3.1 Tekjur A-hluta ríkisins á tímabilinu | 10 |
| 3.2 Samanburður tekna við fyrri ár | 10 |
| 3.3 Samanburður tekna við áætlanir | 12 |
| 4 Gjöld A-hluta ríkisins..... | 14 |
| 4.1 Gjöld A-hluta ríkisins á tímabilinu..... | 14 |
| 4.2 Samanburður gjalda við fyrri ár | 14 |
| 4.3 Samanburður gjalda við áætlanir..... | 15 |
| 4.4 Breytingar á fjárheimildum gjalda á árinu | 18 |
| 4.4.1 Flutt fjárheimildastaða fyrra árs..... | 19 |
| 4.4.2 Fjárukalög..... | 20 |
| 4.4.3 Varasjóðir | 20 |
| 5 Sjóðstreymi A-hluta ríkisins..... | 22 |
| Skýringar á nokkrum hugtökum ríkisfjármála og reikningsskila | 24 |
| Töfluviðauki | 27 |

Helstu niðurstöður

Afkoma A-hluta ríkisins

Afkoma A-hluta ríkisins á tímabilinu janúar til september 2021 var neikvæð um 137,5 ma.kr. Í hlutfalli af heildartekjum var hallinn 21,2%.

Til samanburðar var afkoma ríkissjóðs neikvæð um 167,4 ma.kr. á sama tíma í fyrra sem svarar til 28,8% af heildartekjum. Afkoman batnaði því á milli ára um 29,9 ma.kr.

Hallarekstur þessa og síðasta árs skýrist af áhrifum Covid-19 faraldursins á ríkisfjármálin. Halli þessa árs var hins vegar fyrir séður við gerð fjárlaga ársins ólíkt því sem átti við í fyrra.

Afkoma tímabilsins er nokkru betri en áætlun, sem skráð er í fjárhagskerfi ríkisins, gerir ráð fyrir. Hallinn var sem fyrr segir 137,5 ma.kr. en áætlun gerir ráð fyrir 188,8 ma.kr. halla og útkoman því 51,3 m.kr. betri.

Aðeins hafa verið lögð fram og afgreidd ein fjárukalög það sem af er árinu.

Tekjur A-hluta ríkisins

Heildartekjur A-hluta ríkisins á tímabilinu janúar til september 2021 námu 649,8 ma.kr. Þær voru 67,6 ma.kr. eða 11,6% hærrí en á sama tíma 2020. Þar af hækkuðu skatttekjur um 61,9 ma.kr. (14,1%) og tekjur af tryggingagjöldum um 6,9 ma.kr. (10,7%) en þessir tekjustofnar nema um 88% af heildartekjum A-hlutans. Aðrar rekstrartekjur og hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaganna hækkuðu einnig en fjármunatekjur drógust saman.

Heildartekjur tímabilsins urðu 55,1 ma.kr. hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir. Einkum skiluðu skattar á tekjur og hagnað og skattar á vöru og þjónustu meiri tekjum en áætlað hafði verið en einnig voru ýmsar rekstrartekjur, s.s. sértekjur stofnana, hærrí á tímabilinu en nam áætlun.

Gjöld A-hluta ríkisins

Heildargjöld ríkissjóðs á tímabilinu janúar til september 2021 voru 793,6 ma.kr. og hækkuðu um 44,0 ma.kr. eða 5,9% miðað við sama tímabil í fyrra. Þar af hækkuðu laun og launatengd gjöld um 16,2 ma.kr. (8,6%), framlög og tilfærslur hækkuðu um 23,0 ma.kr. (6,9%) og annar rekstrarkostnaður hækkaði um 31,4 ma.kr. (24,4%). Á hinn bóginn lækkaði fjármagnskostnaður um 27,7 ma.kr. (33,6%) á milli tímabila. Til samanburðar hækkaði vísitala neysluverðs um 4,3% og almenn launavísitala um 8,6% á sama tíma.

Gjöld tímabilsins voru 11,5 ma.kr. undir áætlun, einkum þar sem framlög og tilfærslur sem og annar rekstrarkostnaður voru lægri en áætlað var. Hins vegar voru laun og launatengd gjöld, fjármagnskostnaður og afskriftir hærri en nam áætlun tímabilsins.

Af 35 málefnasviðum sem ríkisrekstrinum er skipt í voru 22 með jákvæða fjárheimildastöðu í lok tímabilsins samtals að fjárhæð 18,2 ma.kr. en 13 voru með neikvæða fjárheimildastöðu að fjárhæð 18,9 ma.kr.

Ónotuð fjárheimild í lok júlí var hæst á málefnasviðunum *30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi* (3,0 ma.kr.), *25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta* (2,4 ma.kr.), *29 Fjölskyldumál* (2,2 ma.kr.) og *33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar* (2,2 ma.kr.).

Málefnasviðin sem mest fóru fram úr voru *23 Sjúkrahúsþjónusta* (6,3 ma.kr.), *24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa* (5,4 ma.kr.), *26 Lyf og lækningavörur* (2,3 ma.kr.) og *09 Almanna- og réttaröryggi* (2,0 ma.kr.).

Sjóðstreymi A-hluta ríkisins

Hallareksturinn leiðir til þess að handbært fé frá rekstri er neikvætt og hefur þurft að mæta lánsfjárförfinni með auknum lántökum á árinu miðað við árið á undan. Handbært fé í árlök jókst engu að síður um 38,8 ma.kr.

1 Inngangur

Í lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016, segir m.a. að starfssvið ríkisendurskoðanda taki „til aðstoðar við störf þingnefnda er varða fjárhagsmálefni ríkisins, þ.m.t. eftirlit með framkvæmd fjárlaga“. Hliðstætt ákvæði var í eldri lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 89/1997, sem sagði að stofnunin skyldi „annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins“.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framkvæmd fjárlaga á tímabilinu janúar til september 2021. Fjallað er um afkomu A-hluta ríkisins, breytingar tekna og gjalda miðað við fyrri ár, helstu frávík í tekjum og gjöldum frá áætlunum og um sjóðstreymi A-hlutans.

Lög um opinber fjármál, sem tóku gildi 1. janúar 2016, mæla fyrir um skiptingu fjárlaga í málefnasvið og málaflokka sem eru á ábyrgð ráðuneyta. Fjárveitingar til stofnana og annarra fjárlagaliða eru sýndar í svokölluðu fylgiriti með fjárlögum. Umfjöllun í skýrslunni leggur áherslu á útkomu málefnasviða og ráðuneyta í samræmi við framsetningu fjárlaga.

Fjárhagsupplýsingar í skýrslunni byggja á gögnum sem tekin eru úr fjárhagskerfi ríkisins (Orra) og mánaðarlegum yfirlitum Fjársýslu ríkisins um fjárreiður ríkissjóðs. Fjársýslan hefur tekið upp það verklag að loka reikningstímabilum innan ársins og því ættu fjárhæðir í bókhaldi ekki taka breytast eftir því hvenær þær eru teknar út.

Rétt er að hafa hugfast að fjárhæðir í fjárhagsyfirlitum, sem tekin eru út innan ársins, geta ýmist verið á rekstrar- eða greiðslugrunni. Ríkistekjur eru þannig almennt á greiðslugrunni innan ársins sem og ýmsir uppgjörslíðir gjalda, m.a. fjármagnsgjöld og niðurfærsla krafna.

Rekstraráætlanir einstakra fjárlagaliða byggja á dreifingu fjárheimilda í samræmi við rekstraráætlanir stofnana (ársáætlun) sem skráðar eru í fjárhagskerfi ríkisins og taka mið af fjárlögum og áætlaðri nýtingu á fjárheimildastöðu frá fyrra ári. Þessum áætlunum er yfirleitt ekki breytt innan ársins nema í þeim tilvikum sem gerðar eru breytingar á fjárheimildum, s.s. með fjárákalogum eða millifærslum fjárheimilda af safnliðum.

2 Afkoma A-hluta ríkisins

2.1 Afkoma A-hluta ríkisins á tímabilinu


Afkoma A-hluta ríkisins var neikvæð um 137,5 ma.kr. á tímabilinu janúar til september 2021. Heildartekjur tímabilsins námu 649,8 ma.kr. og heildargjöldin 787,3 ma.kr. Í hlutfalli af heildartekjum var hallinn 21,2%.

2.2 Samanburður afkomu við fyrri ár

Afkoma A-hlutans á tímabilinu janúar til september í fyrra var neikvæð um 167,4 ma.kr. sem var 28,8% af heildartekjum tímabilsins. Afkoman í ár er því betri um sem nemur 29,9 ma.kr. Tekjur án fjármuna- og hlutdeildartekna hækkuðu um 84,9 ma.kr. (15,8%) á meðan gjöld án fjármagnsgjalda jukust um 65,4 ma.kr. (9,8%). Afkoma fyrir fjármagnsliði batnaði þar af leiðandi um 19,5 ma.kr. á milli ára (14,9%). Hrein afkoma fyrir hlutdeildartekjur batnaði síðan um 9,0 ma.kr. (5,4%).

Mynd 2.1 sýnir afkomu A-hluta ríkisins á tímabilinu janúar til september fyrir árin 2018 til 2021. Heildartekjur hækkuðu heldur á milli tímabila 2018 og 2019, drógust saman 2020 en jukust aftur á árinu 2021. Á sama tíma hækkuðu heildargjöld A-hlutans jafnt og þétt, sýnu mest á milli 2019 og 2020 en aftur minna á árinu 2021.

Mynd 2.1 Tekjur, gjöld og afkoma A-hluta janúar til september 2018 til 2021



2.3 Samanburður afkomu við áætlanir

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021 var lagt fram á Alþingi 1. október 2020 og samþykkt þann 18. desember 2020. Fjárlögin gera ráð fyrir að heildartekjur A-hluta ríkisins verði 773,8 ma.kr. á árinu öllu, heildargjöldin 1.099,9 ma.kr. og heildarjöfnuður því neikvæður um 326,1 ma.kr.

Í fjárlögum ársins 2021 var tekið tillit til ætlaðra áhrifa Covid-19 faraldursins á fjárhag ríkissjóðs og má því vænta þess að útkoma ársins verði í meira samræmi við fjárlögin heldur en raunin var á árinu 2020 þegar upphafleg fjárlög ársins voru samþykkt áður en efnahagsleg áhrif faraldursins urðu ljós.

Tafla 2.1 sýnir samanburð á útkomu A-hluta ríkisins á tímabilinu janúar til september 2021 við áætlanir innan ársins sem skráðar eru í fjárhagskerfi ríkisins. Áætlun fyrir fjármagnskostnað er fengin með því að hlutfalla áætlun fjárlaga. Afkoma tímabilsins var sem fyrr segir neikvæð um 137,5 ma.kr. á meðan áætlun gerði ráð fyrir 188,9 ma.kr. neikvæðri afkomu.

Tafla 2.1 Yfirlit um afkomu A-hluta janúar til sept. 2021 í samanburði við áætlun


| Í m.kr. | Útkoma | Áætlun | Frávik |
|---|-----------------|-----------------|---------------|
| Tekjur | | | |
| Skatttekjur | 500.251 | 454.716 | 45.535 |
| Tryggingagjöld | 71.643 | 72.663 | -1.020 |
| Aðrar tekjur | 49.237 | 38.059 | 11.178 |
| Tekjur samtals | 621.130 | 565.438 | 55.693 |
| Gjöld | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 204.949 | 196.780 | 8.169 |
| Annar rekstrarkostnaður | 154.028 | 165.713 | -11.685 |
| Framlög og tilfærslur | 357.647 | 360.672 | -3.025 |
| Afskriftir og niðurfærslur | 16.027 | 14.446 | 1.580 |
| Gjöld samtals | 732.650 | 737.611 | -4.961 |
| Afkoma fyrir fjármagnsliði | -111.520 | -172.173 | 60.653 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og tekjur af eignarhlutum | 7.508 | 8.071 | -563 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | -54.624 | -45.816 | -8.808 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals | -47.116 | -37.745 | -9.371 |
| Afkoma fyrir hlutdeildartekjur | -158.636 | -209.919 | 51.283 |
| Afkoma hlutdeildar- og dótturfélaga | 21.122 | 21.122 | 0 |
| Afkoma ársins | -137.514 | -188.797 | 51.282 |

3 Tekjur A-hluta ríkisins

3.1 Tekjur A-hluta ríkisins á tímabilinu

Heildartekjur A-hluta ríkisins á tímabilinu janúar til september 2021 námu samtals 649,8 ma.kr. Þar af námu skattatekjur 500,3 ma.kr. og tryggingagjöld 71,6 ma.kr. Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага nam 21,1 ma.kr. Fjármunatekjur námu 7,5 ma.kr. á tímabilinu og aðrar rekstrartekjur 49,2 ma.kr.

Mynd 3.1 Skipting tekna A-hluta janúar til september 2021 eftir tekjuflokkum




3.2 Samanburður tekna við fyrri ár

Heildartekjur ríkissjóðs á sama tímabili 2020 voru 582,2 ma.kr. Heildartekjur hækkuðu þannig á milli ára um 67,6 ma.kr. eða 11,6%. Skatttekjur hækkuðu um 61,9 ma.kr. (14,1%) og tekjur af tryggingagjöldum um 6,9 ma.kr. (10,7%). Tekjur af hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага jukust um 20,9 ma.kr. og aðrar rekstrartekjur um 16,1 ma.kr. (48,6%). Aftur á móti drógust fjármunatekjur saman um 38,2 ma.kr. (83,6%) en þess ber að gæta að þær voru óvenju háar árið 2020.

Mynd 3.2 og tafla 3.1 sýna tekjur A-hluta ríkisins janúar til september 2018 til 2021.

Mynd 3.2 Tekjur A-hluta janúar til september 2018 til 2021



Tafla 3.1 Tekjur A-hluta janúar til september 2018 til 2021

| Í m.kr. | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|--|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Skatttekjur og tryggingagjöld | | | | |
| Skattar á tekjur og hagnað | 207.503 | 214.959 | 202.315 | 211.412 |
| Skattar á launagreiðslur og vinnuafli | 6.538 | 6.566 | 6.469 | 6.891 |
| Eignarskattar | 7.550 | 7.532 | 10.062 | 11.085 |
| Skattar á vöru og þjónustu | 234.348 | 241.876 | 203.554 | 252.886 |
| Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti | 3.005 | 2.686 | 1.670 | 3.251 |
| Aðrir skattar | 6.556 | 6.906 | 14.319 | 14.726 |
| Tryggingagjöld | 71.083 | 72.736 | 64.708 | 71.643 |
| Skatttekjur og tryggingagj. samtals | 536.583 | 553.261 | 503.097 | 571.893 |
| Aðrar tekjur | | | | |
| Fjárframlög | 280 | 303 | 314 | 347 |
| Fjármunatekjur | 18.065 | 8.225 | 45.676 | 7.508 |
| Aðrar tekjur | 16.697 | 16.585 | 15.907 | 17.734 |
| Hlutdeild í afkomu | | 26.404 | 252 | 21.122 |
| Ýmsar rekstrartekjur | 29.937 | 18.559 | 16.904 | 31.156 |
| Aðrar tekjur samtals | 64.979 | 70.076 | 79.053 | 77.866 |
| Tekjur samtals | 601.562 | 623.337 | 582.150 | 649.760 |

3.3 Samanburður tekna við áætlanir


Í fjáráukalögum hefur tíðkast að tekjuáætlun fjárlaga sé breytt til samræmis við áætlaða útkomu ársins. Í þeim fjáráukalögum sem búið er að samþykkja á árinu 2021 voru ekki lagðar til breytingar á tekjuáætlun fjárlaga heldur eingöngu á gjaldahlið þeirra.

Tekjur ríkisins af sköttum voru talsvert meiri á tímabilinu en áætlað hafi verið og munar þar 44,5 ma.kr. Þetta á við um alla skattflokka, m.a. tekjur og hagnað, eignarskatta og skatta á vöru og þjónustu. Skýringin liggur í því að efnahagslífið tók við sér á árinu eftir samdrátt vegna Covid-19 faraldursins. Þá voru ýmsar rekstrartekjur sömuleiðis hærrí en áætlað hafði verið um sem nemur 15,3 ma.kr. Reyndar getur dreifing sértekna verið nokkuð breytileg frá einu tímabili til annars innan ársins og því ekki alveg ljóst að hvaða marki um er að ræða raunverulega aukningu frá áætlun.

Tafla 3.2 Tekjur A-hluta janúar til september í samanburði við áætlun

| Í m.kr. | Útkoma | Áætlun | Frávik |
|--|----------------|----------------|---------------|
| Skatttekjur og tryggingagjöld | | | |
| Skattar á tekjur og hagnað | 211.412 | 199.937 | 11.475 |
| Skattar á launagreiðslur og vinnuafl | 6.891 | 6.721 | 171 |
| Eignarskattar | 11.085 | 6.982 | 4.103 |
| Skattar á vöru og þjónustu | 252.886 | 228.740 | 24.145 |
| Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti | 3.251 | 2.347 | 904 |
| Aðrir skattar | 14.726 | 9.989 | 4.737 |
| Tryggingagjöld | 71.643 | 72.663 | -1.020 |
| Skatttekjur og tryggingagj. samtals | 571.893 | 527.379 | 44.515 |
| Aðrar tekjur | | | |
| Fjárframlög | 347 | 3.198 | -2.851 |
| Fjármunatekjur | 7.508 | 8.071 | -563 |
| Aðrar tekjur | 17.734 | 19.047 | -1.313 |
| Hlutdeild í afkomu | 21.122 | 21.122 | 0 |
| Ýmsar rekstrartekjur | 31.156 | 15.814 | 15.342 |
| Aðrar tekjur samtals | 77.866 | 67.252 | 10.615 |
| Tekjur samtals | 649.760 | 594.630 | 55.129 |

Mynd 3.3 Frávik tekna A-hluta janúar til september 2021 eftir tekjuflokkum




4 Gjöld A-hluta ríkisins

4.1 Gjöld A-hluta ríkisins á tímabilinu

Heildargjöld ríkissjóðs á tímabilinu janúar til september 2021 námu 787,3 ma.kr. Þau skiptust þannig eftir gjaldategundum að laun og launatengd gjöld námu 204,9 ma.kr. eða um fjórðungi útgjalda, annar rekstrarkostnaður var 154,0 m.kr., framlög og tilfærslur námu 357,6 m.kr. sem er hátt í helmingur ríkisútgjalda, afskriftir voru 16,0 ma.kr. og fjármagnskostnaður 54,6 ma.kr.

Mynd 4.1 Gjöld A-hluta janúar til september 2021 eftir gjaldategundum




4.2 Samanburður gjalda við fyrri ár

Heildargjöld ríkissjóðs á sama tímabili 2020 námu 749,6 ma.kr. Gjöldin hækkuðu því á milli ára um 37,7 ma.kr. eða 5,0%. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 16,2 ma.kr. (8,6%), annar rekstrarkostnaður hækkaði um 25,1 ma.kr. (19,5%), framlög og tilfærslur hækkuðu um 23,0 ma.kr. (6,9%) og afskriftir um 1,0 ma.kr. (6,8%). Hins vegar lækkaði fjármagnskostnaður um 27,7 ma.kr. (33,6%). Til samanburðar hækkaði vísitala neysluverðs um 4,3% og almenn launavísitala um 8,6% á sama tíma.

Myndin og taflan hér að neðan sýna þróun gjald A-hluta ríkisins eftir gjaldategundum á tímabilinu janúar til september 2018-2021.

Mynd 4.2 Gjöld A-hluta janúar til september 2018 til 2021



Tafla 4.1 Gjöld A-hluta janúar til september 2018 til 2021 eftir gjaldategundum

| Í m.kr. | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|--------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Laun og launatengd gjöld | 167.606 | 180.702 | 188.703 | 204.949 |
| Framlög og tilfærslur | 232.890 | 262.525 | 334.652 | 357.647 |
| Annar rekstrarkostnaður | 121.208 | 120.039 | 128.918 | 154.028 |
| Afskriftir | 13.560 | 13.993 | 15.001 | 16.027 |
| Fjármagnskostnaður | 44.188 | 37.788 | 82.309 | 54.624 |
| Gjöld samtals | 579.452 | 615.047 | 749.583 | 787.274 |

4.3 Samanburður gjalda við áætlanir

Áætlanir innan ársins, sem m.a. taka tillit til viðbótarfjárheimilda skv. fjáráukalögum, gerðu ráð fyrir 783,4 ma.kr. gjöldum tímabilsins og var útkoman tímabilsins þar af leiðandi 3,8 ma.kr. undir áætlun. Tafla 4.2 sýnir samanburð gjalda A-hlutans við áætlun.

Tafla 4.2 Gjöld A-hluta janúar til september 2021 í samanburði við áætlun

| Í m.kr. | Útkoma | Áætlun | Frávik |
|--------------------------|----------------|----------------|--------------|
| Laun og launatengd gjöld | 204.949 | 196.780 | 8.169 |
| Framlög og tilfærslur | 357.647 | 360.672 | -3.025 |
| Annar rekstrarkostnaður | 154.028 | 165.713 | -11.685 |
| Afskriftir | 16.027 | 14.446 | 1.580 |
| Fjármagnskostnaður | 54.624 | 45.816 | 8.808 |
| Gjöld samtals | 787.274 | 783.427 | 3.847 |


Laun og launatengd gjöld, fjármagnskostnaður og afskriftir voru umfram áætlun. Hins vegar var annar rekstrarkostnaður sem og framlög og tilfærslur undir áætlun.

Mynd 4.3 sýnir stöðu fjárheimilda í lok september 2021 eftir málefнасviðum. Af 35 málefнасviðum voru 22 með jákvæða fjárheimildastöðu samtals að fjárhæð 18,2 ma.kr. en 13 voru með neikvæða fjárheimildastöðu í lok tímabilsins samtals að fjárhæð 18,9 ma.kr.

Ónotuð fjárheimild á málefнасviðinu *30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi* var 3,0 ma.kr. sem einkum stafar af lægri greiðslum vegna stuðningsaðgerða við fyrirtæki vegna Covid-19 en reiknað var með á tímabilinu og að hluta til vegna lægra framlags til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Á málefнасviði *25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta* var 2,4 ma.kr. ónýtt fjárheimild lægri millifærslna af safnliðnum *08-401 Öldrunarstofnanir, almennt* og lægri greiðslna úr Framkvæmdasjóði aldra á tímabilinu en áætlað var. Málefнасviðið *29 Fjölskyldumál* var með 2,2 ma.kr. lægri greiðslur en áætlað var og málefнасviðið *33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar* var 2,2 ma.kr. undir áætlun.

Málefнасviðin *23 Sjúkrahúspjónusta* og *24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa* fóru mest fram úr áætlun tímabilsins, það fyrrnefnda 6,3 ma.kr. og hið síðara 5,4 ma.kr. Þá voru 2,3 ma.kr. umframútgjöld á málefнасviðinu *26 Lyf og lækningavörur*, umframútgjöld á málefнасviðinu *09 Almanna- og réttaröryggi* voru 2,0 ma.kr., þar af tæpur helmingur hjá fjárlagalið *06-303 Ríkislögreglustjóri* og tæplega 1,6 ma.kr. umframútgjöld á málefнасviðinu *32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála*.

Mynd 4.3 Staða fjárveitinga vegna rekstrar janúar til sept. 2021 eftir málefna- sviðum



Tafla 4.3 Fjárheimildir, ráðstöfun fjárheimilda og fjárheimildastaða vegna rekstrar janúar til september 2021 eftir ráðuneytum

| Ráðuneyti í m.kr. | Fjárheimildir tímabils | Ráðstöfun ársins (gjöld að frádr. sértekjum) | Ráðstöfun innan (utan) heimilda ársins |
|-------------------------------------|---------------------------|--|--|
| 00 - Æðsta stjórn ríkisins | 4.945 | 4.716 | 229 |
| 01 - Forsætisráðuneyti | 2.843 | 2.753 | 90 |
| 02 - Mennta- og menningarmálar. | 77.806 | 76.631 | 1.175 |
| 03 - Utanríkisráðuneyti | 13.978 | 13.314 | 664 |
| 04 - Atvinnuvega- og nýsköpunarr. | 30.859 | 29.095 | 1.763 |
| 06 - Dómsmálaráðuneyti | 35.796 | 37.819 | -2.023 |
| 07 - Félags- og tryggingamálar. | 225.681 | 222.493 | 3.188 |
| 08 - Heilbrigðisráðuneyti | 185.940 | 198.914 | -12.975 |
| 09 - Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 74.350 | 69.671 | 4.678 |
| 10 - Samgöngu- og sveitarstjórnarr. | 39.630 | 39.497 | 133 |
| 14 - Umhverfis- og auðlindar. | 14.060 | 13.859 | 201 |
| 19 - Vaxtagjöld ríkissjóðs | 34.507 | 32.417 | 2.090 |
| | 740.393 | 741.179 | -786 |

4.4 Breytingar á fjárheimildum gjalda á árinu

Fjárheimildum til málefnasviða og málaflokka er dreift á einstaka ríkisaðila og framlagsliði skv. skiptingu sem sýnd er í fylgiriti fjárlaga. Til viðbótar slíkri fjárveitingu kemur uppsöfnuð fjárheimildastaða í lok fyrra árs og kemur hún til hækkunar á fjárheimild ársins hjá þeim liðum sem áttu ónýtta fjárveitingu en til lækkunar á fjárheimild ársins hjá þeim sem stofnað höfðu til umframgjalda.

Innan ársins geta einnig orðið breytingar á fjárheimildum málefnasviða, málaflokka og einstakra fjárveitingaliða vegna millifærslna úr varasjóðum og safnliðum. Þær breyta fjárheimildum einstakra fjárlagaliða en hafa ekki áhrif á heildarfjárheimildir A-hluta ríkisins. Loks kann fjárveitingum að vera breytt með aukafjárveitingum skv. fjárauukalögum.

Tafla 4.4 sýnir breytingar sem gerðar hafa verið á fjárheimildum ársins 2021 með fjárukalögum og flutningi fjárheimilda frá fyrra ári. Til samanburðar eru sýndar samskonar breytingar sem gerðar voru á öllu árinu 2020.

Tafla 4.4 Breytingar á fjárheimildum vegna rekstrar árin 2020-2021

| Í m.kr. | 2020 | 2021 |
|--|------------------|------------------|
| Fjárlög | 903.540 | 1.072.383 |
| Fjáraukalög I | 25.576 | 14.940 |
| Fjáraukalög II | 12.572 | |
| Fjáraukalög III | 65.320 | |
| Fjáraukalög V | 50.227 | |
| Fjárheimildir ársins | 1.057.236 | 1.087.323 |
| Fluttar fjárheimildir frá fyrra ári | 15.495 | 48.841 |
| Samtals fjárheimildir til ráðstöfunar á árinu | 1.072.731 | 1.136.164 |

Fjárveitingar til stofnana vegna fjárfestinga eru ekki tekjufærðar hjá þeim að fullu á því ári sem þær eru veittar eins og gert er með fjárveitingar til rekstrar. Þess í stað er fjárveitingin eign- og skuldfærð sem fyrirframgreiddar tekjur og síðan tekjufærð til að mæta afskriftum eigna sem stofnanir hafa fjárfest í.

4.4.1 Flutt fjárheimildastaða fyrra árs

Í 30. gr. laga um opinber fjármál nr. 124/2015 er kveðið á um heimild til flutnings fjárheimilda milli ára. Þar segir m.a. að útgjöld, sem eru umfram fjárheimild í árslok, skuli draga frá fjárheimild næsta árs. Hafi fjárheimild ekki verið nýtt að fullu í árslok getur hlutaðeigandi ráðherra óskað eftir því við fjármála- og efnahagsráðherra að hinni ónýttu fjárheimild verði ráðstafað á næsta ári í heild eða að hluta, enda verði henni ráðstafað til þess að mæta útgjöldum sem hafa frestast eða fyrir liggja skýr hagkvæmnisrök.

Ofangreind ákvæði gildi þó ekki um fjárheimildir fyrir útgjöldum sem ráðast af hagrænum forsendum fjárlaga, metnum stærðum í reikningshaldslegu uppgjöri eða öðrum þáttum sem lúta ekki ákvörðunarvaldi ráðherra en staða á slíkum liðum, hvort sem hún eru yfir eða undir fjárheimild, eru felld niður í árslok.

Fjármála- og efnahagsráðherra setti á þessu ári reglugerð um flutning fjárheimilda A-hluta á milli ára (reglugerð nr. 566/2021). Samkvæmt henni skal almennt fella niður það sem er umfram 4% af fjárheimild ársins nema við sérstakar aðstæður. Þá er í reglugerðinni að finna ákvæði sem eiga að ýta undir að varasjóðir séu notaðir og um hámark á flutning afgangstöðu á varasjóðum málaflokka,

Í séryfirliti 16 í ríkisreikningi 2020 kemur fram að fjárheimildastaða vegna rekstrar sem flutt var yfir á árið 2021 hafi verið 48,8 ma.kr. Þá var fjárheimildastaða vegna fjárfestinga að fjárhæð 33,9 ma.kr. fluttir yfir á árið.

Tafla 4.5 Flutt fjárheimildastaða í árslok yfir á næsta ár

| Í m.kr. | 2019 | 2020 |
|-------------------------------|---------|-----------|
| Rekstur | | |
| Gjöld alls | 835.925 | 1.040.000 |
| Fjárheimild alls | 877.792 | 1.082.641 |
| Höfuðstóll í árslok | 41.867 | 42.641 |
| Breytingar, flutt/fellt niður | -26.372 | 6.200 |
| Flutt á næsta ár | 15.495 | 48.841 |
| | | |
| Fjárfesting | | |
| Heimildir í árslok | 19.494 | 37.360 |
| Fellt niður | -943 | -3.458 |
| Flutt á næsta ár | 18.551 | 33.902 |
| | | |

Ríkisreikningar 2019-2020, séryfirlit 16

4.4.2 Fjáraukalög

Í fjárlögum ársins 2021 gafst tækifæri til þess að gera ráð fyrir áhrifum Covid-19 faraldursins á fyrirtæki og heimili ólíkt því sem tilfellið var í fjárlögum 2020. Þar af leiðandi hefur ekki þurft að breyta fjárlögum í jafnmiklum mæli og gert var í fyrra.

Það sem af eru árinu hefur eitt frumvarp til fjáraukalaga verið lagt fram og samþykkt en til samanburðar voru slík frumvörp fimm talsins á síðasta ári. Frumvarpið var lagt fram 29. maí 2021 og samþykkt sem lög frá Alþingi 13. Júní 2021. Lögin kveða á um 14.940 m.kr. framlag úr ríkissjóði til að auknum útgjöldum nokkurra málefna sviða. Stærsta viðbótin er vegna vinnumarkaðsaðgerða samtals 9.900 m.kr.

4.4.3 Varasjóðir

Samkvæmt lögum um opinber fjármál er hverjum ráðherra er heimilt að nýta varasjóði málaflokka þannig að útgjöld ríkisaðila innan hvers málaflokks verði ekki umfram fjárveitingar til þeirra. Fjárveiting í varasjóð fyrir hvern málaflokk skal að hámarki nema 2% af fjárheimildum til málaflokksins.

Óskiptur almennur varasjóður A-hluta er ætlaður til að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg, óhjákvæmileg og ekki er unnt að bregðast við með öðrum hætti samkvæmt lögum um opinber fjármál. Fjármála- og efnahagsráðherra tekur ákvarðanir um ráðstöfun fjár úr almennum varasjóði og gerir fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir nýtingu þess þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá er gert ráð fyrir að því í lögum um opinber fjármál að ráðherrann mæli í reglugerð fyrir um ráðstöfun fjár úr varasjóði á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í 1. mgr. 24. gr. laganna. Varasjóðurinn skal nema að lágmarki 1% af fjárheimildum fjárlaga.

Tafla 4.6 Staða fjárheimilda hjá varasjóðum skv. lögum um opinber fjármál

| Í m.kr. | Fjárlög | Flutt frá fyrra ári | Ráðstafað af varasjóðum | Staða í lok tímabils |
|------------------------------|---------------|------------------------|----------------------------|-------------------------|
| Varasjóðir málaflokka | | | | |
| 02998 Varasjóðir málaflokka | 175 | 547 | -55 | 667 |
| 03998 Varasjóðir málaflokka | 111 | 0 | 0 | 111 |
| 04998 Varasjóðir málaflokka | 36 | 51 | 0 | 87 |
| 06998 Varasjóðir málaflokka | 144 | 91 | -58 | 178 |
| 07998 Varasjóður málaflokka | 59 | 95 | 0 | 154 |
| 08998 Varasjóðir málaflokka | 293 | 236 | 0 | 529 |
| 09998 Varasjóðir málaflokka | 155 | 425 | 0 | 580 |
| 10998 Varasjóðir málaflokka | 212 | 21 | -6 | 227 |
| 14998 Varasjóðir málaflokka | 34 | 112 | 0 | 146 |
| | 1.218 | 1.579 | -119 | 2.678 |
| 09989 Almennur varasjóður | 19.976 | 0 | -5.427 | 14.549 |
| Samtals varasjóðir | 21.194 | 1.579 | -5.545 | 17.228 |

Hreyfingar og staða varasjóða þann 28.09.2021

5 Sjóðstreymi A-hluta ríkisins

Í 2. gr. fjárlaga kemur fram hvernig áætlað er að sjóðstreymi ríkissjóðs verði á árinu. Þá eru í 5. gr. laganna heimildir til handa fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að taka lán, endurlána og veita ríkisábyrgðir eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum greinarinnar. Í 6. gr. er síðan að finna heimildir til eftirgjafar gjalda, sölu húsnæðis, lóða og jarða, kaupa og sölu hlutabréfa, kaupa og leigu fasteigna auk ýmissa annarra heimilda af svipuðu tagi. Slíkar heimildir eru ekki allar bundnar tiltekinni fjárhæð en geta haft áhrif á sjóðstreymið þegar þær koma til framkvæmda.

Handbært fé frá rekstri ríkissjóðs var neikvætt um 145,5 ma.kr. á tímabilinu janúar til september 2021. Neikvætt fé frá rekstri þýðir að ríkið þarf ýmist að afla lánsfjár eða ganga á eignir til að greiða með rekstrinum.

Tafla 5.1 Sjóðstreymi A-hluta ríkisins janúar til september 2019-2021

| Í m.kr. | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|----------------|----------------|-----------------|-----------------|
| Handbært fé frá rekstri | 76.156 | 29.949 | -104.466 | -145.488 |
| Fjárfestingar í fastafjármunum og óefnisl. eignum | -21.627 | -26.954 | -30.180 | -40.400 |
| Veitt löng lán | -3.856 | -6.881 | -5.813 | -2.940 |
| Afborganir af veittum lánum | 4.250 | 2.406 | 2.631 | 3.768 |
| Arðgreiðslur hlutdeildarfélagum | 0 | 14.451 | 0 | 12.857 |
| Söluverð eignarhluta í félögum | 56.225 | 0 | 0 | 53.654 |
| Kaupverð eignarhluta í félögum | 0 | -2.486 | -34.281 | -13.911 |
| Þýðingarmunur, birgðabreyting o.fl. | | 1.981 | 37.715 | -107 |
| Fjárfestingarhreyfingar | 34.992 | -17.483 | -29.928 | 12.921 |
| Hreinn lánsfjárjöfnuður | 111.148 | 12.466 | -134.394 | -132.567 |
| Tekin langtímalán | 39.642 | 100.511 | 188.727 | 303.332 |
| Afborganir af teknum lántímalánum | -95.349 | -71.006 | -113.209 | -153.770 |
| Afborganir lífeyrisskuldbindingar | 0 | 0 | 0 | -4.000 |
| Skammtímaskuldir, breyting | -4.894 | -2.172 | 92.580 | 25.821 |
| Fjármögnunarhreyfingar | -60.601 | 27.333 | 168.098 | 171.383 |
| Breyting á handbæru fé | 50.547 | 39.799 | 33.704 | 38.816 |
| Handbært fé í byrjun tímabils | 187.293 | 216.565 | 270.060 | 366.776 |
| Handbært fé í lok tímabils | 237.840 | 256.364 | 303.764 | 405.592 |

Í júní seldi ríkið hluta af eign sinni í Íslandsbanka hf. Seldi það 35% af eign sinni í bankanum en hélt eftir 65%. Salan skilaði 51,6 ma.kr. innborgun í ríkissjóð. Að teknu tilliti til fjárfestinga, arðgreiðsla og fleiri liða nam hreinn lánsfjárfjöfnuður á tímabilinu 132,6 ma.kr. sem er svipuð fjárhæð en á sama tíma í fyrra.

Lánsfjárförfinni var mætt með lántökum á árinu, bæði til skemmri og lengri tíma. Tekin langtímalán námu þannig 303,3 ma.kr. en þar af var 153,8 ma.kr. ráðstafað til afborgana á eldri lánum og 4,0 ma.kr. til afborgana vegna lífeyrisskuldbindinga.

Í lok tímabilsins var óráðstafað 38,8 ma.kr. og jók það handbært fé í 405,6 ma.kr.

Skýringar á nokkrum hugtökum ríkisfjármála og reikningsskila

A-, B- og C-hluti ríkisins. Flokkun á starfsemi ríkisins er gerð á grundvelli alþjóðlegs hagskýrslustaðals um opinber fjármál.

Til A-hluta telst starfsemi og verkefni sem eru einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum.

Til B-hluta teljast fyrirtæki og lánastofnanir sem eru undir beinni stjórn ríkisins og rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs. Þessir aðilar starfa á markaði og standa að stærstum hluta undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

Til C-hluta teljast sameignar- eða hlutafélög í meirihlutaeigu ríkisins. Til C-hlutans telst einnig Seðlabanki Íslands.

Aðrar tekjur greinast í eignatekjur, rekstrartekjur ríkissjóðs, rekstrartekjur ríkisaðila í A-hluta, sektir og skaðabætur, framlög önnur en fjárframlög og óskilgreindar tekjur.

Beinir skattar eru skattar sem lagðir eru á þá aðila, einstaklinga eða lögaðila, sem ætlað er að bera skattbyrðina. Til beinna skatta teljast m.a. tekjuskattur, fjármagnstekjuskattur, útsvar, tryggingagjald og gjald í framkvæmdasjóð aldraðra. Beinir skattar eru einnig nefndir opinber gjöld eða þinggjöld. Sjá til samanburðar **óbeinir skattar**.

Fjárframlög teljast framlög frá innlendum eða erlendum stjórnvöldum, þ.e. ríki og sveitarfélögum, eða frá alþjóðastofnunum.

Fjárheimild. Heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjárukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka. Fjárheimild skiptist í rekstrarframlag, rekstrartilfærslu, fjármagnstilfærslu og fjárfestingarframlag.

Fjárveiting. Ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. Fjárveiting greinist í rekstrarframlag, rekstrartilfærslu, fjármagnstilfærslu og fjárfestingarframlag.

Greiðslugrunnur. Reikningsskilaaðferð sem kveður á um að viðskipti og skuldbindingar þeim tengdar skuli færa á því tímabili þegar greiðsla vegna þeirra fer fram. Uppgjör á greiðslugrunni sýnir þær tekjur sem hafa innheimst og gjöld sem greidd hafa verið á því tímabili sem uppgjörið nær yfir. Sjá einnig *rekstrargrunnur*.

Hlutdeildartekjur. Ríkissjóður færir hlutdeild í rekstri dóttur- og hlutdeildarfélagum með hlutdeildaraðferð, þ.e. færir til tekna hlutdeild í hagnaði viðkomandi félaga sem svarar til

eignarhluta ríkisins í þeim. Þetta á við um dótturfélög þar sem eignarhlutur A-hluta ríkissjóðs er yfir 50% og hlutdeildarfélögum þar sem eignarhlutur A-hluta ríkissjóðs er á bilinu 20-50%.

Óbeinir skattar eru skattar á vörur og þjónustu. Skattgreiðandanum sjálfum er ekki ætlað að bera skattinn, heldur er honum gert að innheimta skattinn við sölu á vöru eða þjónustu og skila til ríkisins. Þess í stað eru það kaupendurnir sem endanlega bera skattinn. Óbeinir skattar eru einnig nefndir neysluskattar. Virðisaukaskattur er dæmi um óbeinan skatt en einnig má nefna vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Sjá til samanburðar **beinir skattar**.

Óefnisleg eign. Eign sem er aðgreinanleg og ópeningaleg og er ekki í hlutkenndu formi, t.d. hugbúnaður.

Rekstrargrunnur. Reikningssskilaaðferð sem kveður á um að viðskipti og skuldbindingar þeim tengdar skuli færa á því tímabili þegar þau eiga sér stað óháð því hvenær greiðsla fer fram. Tekjur færast þegar réttur til að innheimta þær myndast og kostnaður þeim tilheyrandi er færður á móti á sama tímabil. Sjá einnig *greiðslugrunnur*.

Rekstrartekjur ríkisaðila í A-hluta ná til tekna sem tengjast með beinum hætti rekstri ríkisaðila og skiptast annars vegar í lögbundnar tekjur og hins vegar tekjur af frjálsum viðskiptum fyrir veitta þjónustu. Rekstrartekjurnar færast bæði sem tekjur í yfirliti fyrir ríkissjóð í heild og í reikningum hlutaðeigandi ríkisaðila í A-hluta.

Rekstrartekjur ríkissjóðs ná til tekna fyrir veitta þjónustu þar sem gjaldtaka er ákvörðuð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

Ríkisaðilar. Aðilar sem fara með ríkisvald og þær stofnanir, sjóðir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu ríkisins. Ríkisaðilar skiptast í A, B- og C-hluta.

Ríkissjóður. Í lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 er hugtakið ríkissjóður ekki skilgreint sérstaklega þótt það sé víða notað í lögnum og athugasemdum með frumvarpi til þeirra. Í skýringu 1 með ríkisreikningi 2018 og 2019 er þessi skilgreining á hugtakinu: „*Ríkissjóður Íslands – Þar fellur undir móttaka skatttekna og annarra ríkistekna og tengdar færslur, fjárveitingar til ríkisaðila, fjármögnun ríkissjóðs og þar með talið lántökur og lánveitingar ásamt eignarhaldi á félögum og öðrum eignum, sem ekki eru færðar sérstaklega hjá ríkisaðilum.*”

Sjóðstreymi. Breyting á handbæru fé eða sjóðseign á ákveðnu rekstrartímabili, t.d. frá upphafi til loka ársins og streymi í sjóðinn eða úr honum. Þrennt hefur áhrif á sjóðsstöðu, þ.e. rekstrarhreyfingar, fjárfestingahreyfingar og fjármögnunarhreyfingar.

Skatttekjur eru skilgreindar sem lögbundnar tilfærslur skattgreiðenda til hins opinbera án þess að á móti komi bein þjónusta eða umbun.

Tilfærsla. Styrkur eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Tilfærslur greinast annars vegar í rekstrartilfærslur sem veittar eru til samtímanota hjá móttakanda og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga.

Tryggingagjald er lagt á launagreiðslur og rennur til almannatrygginga. Tryggingagjald er ekki skilgreint sem skattur þar sem greiðandinn er á móti talinn öðlast aðgang að almannatryggingum.

Varanlegir rekstrarfjármunir. Efnislegar eignir sem eru notaðar til framleiðslu á vörum eða til að veita þjónustu, til útleigu eða í stjórnunarlegum tilgangi og eru ætlaðar til nota lengur en eitt reikningsskilátímabil.

Töfluviðauki

Tafla 1 Fjárheimildir, ráðstöfun fjárheimilda og fjárheimildastaða vegna rekstrar janúar til september 2021 eftir ráðuneytum og málefnasviðum

| Ráðuneyti og málefnasvið Í m.kr. | Fjárheimildir tímabils | Ráðstöfun tímabils (gjöld að frádr. sértekjum) | Ráðstöfun innan (utan) heimilda tímabils |
|--|---------------------------|--|---|
| 00 - Æðsta stjórn ríkisins | 4.945 | 4.716 | 229 |
| 01 - Alþingi og eftirlitsstofnanir þess | 4.044 | 3.832 | 212 |
| 02 - Dómstólar | 158 | 152 | 6 |
| 03 - Æðsta stjórnarsýsla | 744 | 732 | 12 |
| 01 - Forsætisráðuneyti | 2.843 | 2.753 | 90 |
| 03 - Æðsta stjórnarsýsla | 1.047 | 997 | 50 |
| 06 - Hagskýrslugerð og upplýsingamál | 1.213 | 1.180 | 33 |
| 09 - Almanna- og réttaröryggi | 262 | 292 | -29 |
| 29 - Fjölskyldumál | 58 | 51 | 7 |
| 32 - Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála | 263 | 233 | 30 |
| 02 - Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 77.806 | 76.630 | 1.175 |
| 07 - Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar | 3.666 | 3.665 | 1 |
| 18 - Menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál | 11.127 | 11.296 | -169 |
| 19 - Fjölmíðlun | 3.963 | 3.940 | 23 |
| 20 - Framhaldsskólastig | 26.422 | 26.343 | 79 |
| 21 - Háskólastig | 29.085 | 27.828 | 1.257 |
| 22 - Önnur skólastig og stjórnarsýsla mennta- og menningarmála | 3.544 | 3.560 | -15 |
| 03 - Utanríkisráðuneyti | 13.978 | 13.314 | 664 |
| 04 - Utanríkismál | 9.014 | 8.738 | 276 |
| 35 - Alþjóðleg þróunarsamvinna | 4.964 | 4.576 | 388 |

| | | | |
|--|----------------|----------------|----------------|
| 04 - Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 30.859 | 28.986 | 1.872 |
| 07 - Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar | 5.598 | 3.798 | 1.800 |
| 12 - Landbúnaður | 13.735 | 13.564 | 172 |
| 13 - Sjávarútvegur og fiskeldi | 3.410 | 2.874 | 536 |
| 14 - Ferðaþjónusta | 3.056 | 3.303 | -247 |
| 15 - Orkumál | 3.269 | 3.563 | -294 |
| 16 - Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnamála | 1.628 | 1.704 | -76 |
| 21 - Háskólastig | 162 | 180 | -18 |
| 06 - Dómsmálaráðuneyti | 35.796 | 37.819 | -2.023 |
| 02 - Dómstólar | 2.374 | 2.310 | 64 |
| 04 - Utanríkismál | 12 | 90 | -78 |
| 06 - Hagskýrslugerð og upplýsingamál | 0 | 0 | 0 |
| 09 - Almanna- og réttaröryggi | 20.777 | 22.761 | -1.985 |
| 10 - Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála | 12.633 | 12.658 | -25 |
| 07 - Félags- og tryggingamálaráðuneyti | 225.681 | 222.493 | 3.188 |
| 27 - Örorka og málefni fatlaðs fólks | 57.916 | 56.248 | 1.669 |
| 28 - Málefni aldraðra | 69.193 | 68.509 | 684 |
| 29 - Fjölskyldumál | 22.284 | 21.342 | 942 |
| 30 - Vinnumarkaður og atvinnuleysi | 64.941 | 65.804 | -862 |
| 31 - Húsnæðisstuðningur | 8.084 | 7.452 | 631 |
| 32 - Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála | 3.262 | 3.138 | 124 |
| 08 - Heilbrigðisráðuneyti | 185.940 | 198.914 | -12.975 |
| 23 - Sjúkrahúspjónusta | 73.408 | 79.662 | -6.254 |
| 24 - Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa | 40.324 | 45.745 | -5.420 |
| 25 - Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta | 43.668 | 41.307 | 2.361 |
| 26 - Lyf og lækningavörur | 21.985 | 24.287 | -2.301 |
| 29 - Fjölskyldumál | 1.546 | 1.183 | 363 |
| 32 - Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála | 5.007 | 6.731 | -1.724 |

| | | | |
|--|----------------|----------------|--------------|
| 09 - Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 74.350 | 69.671 | 4.678 |
| 05 - Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla | 11.090 | 11.526 | -435 |
| 06 - Hagskýrslugerð og upplýsingamál | 62 | 76 | -14 |
| 16 - Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnarsýsla atvinnumála | 1.635 | 1.635 | 0 |
| 29 - Fjölskyldumál | 15.433 | 14.511 | 922 |
| 30 - Vinnumarkaður og atvinnuleysi | 13.100 | 9.195 | 3.905 |
| 31 - Húsnæðisstuðningur | 2.570 | 2.381 | 189 |
| 33 - Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar | 30.459 | 30.348 | 111 |
| 10 - Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti | 39.630 | 39.497 | 133 |
| 06 - Hagskýrslugerð og upplýsingamál | 633 | 628 | 5 |
| 08 - Sveitarfélög og byggðamál | 16.485 | 16.484 | 0 |
| 11 - Samgöngu- og fjarskiptamál | 22.236 | 22.107 | 129 |
| 29 - Fjölskyldumál | 277 | 277 | 0 |
| 14 - Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 14.060 | 13.859 | 201 |
| 06 - Hagskýrslugerð og upplýsingamál | 240 | 224 | 16 |
| 08 - Sveitarfélög og byggðamál | 37 | 114 | -77 |
| 17 - Umhverfismál | 13.783 | 13.521 | 262 |
| 19 - Vaxtagjöld ríkissjóðs | 34.507 | 32.417 | 2.090 |
| 33 - Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar | 34.507 | 32.417 | 2.090 |
| | 740.393 | 741.069 | -676 |



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448-8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is